

ÁKVÖRÐUN
siðanefndar Háskóla Íslands
í máli 1/2017

Siðanefnd skipa Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor, Henry Alexander Henrysson aðjunkt og Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari.

I

Aðilar

Kærandi er Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri og stundakennari, Kjarnanum miðlar ehf., Laugavegi 3, 101 Reykjavík.

Kærði er Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor, Hringbraut 24, 101 Reykjavík.

II

Málsmeðferð

Með kæru sem móttokin var 14. janúar 2017 sendi Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans og stundakennari við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands, kæru til siðanefndar Háskóla Íslands, á hendur Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Kæran lýtur að því að Hannes Hólmsteinn Gissurarson hafi ítrekað haldið fram ósönnnum og órökstuddum fullyrðingum á tilgreindum vefmiðlum, og neitað að draga þær til baka.

Með bréfi 9. febrúar 2017 var kærða send kæran ásamt fylgiskjölum og honum gefinn kostur á að bregðast við, frestur var gefinn til 24. febrúar 2017. Ekkert svar barst. Bréfið hafði verið póstsent á heimili kærða og við eftirgrennslan kom í ljós að kærði var staddur erlendis í rannsóknamissari. Var honum því sendur tölvupóstur 3. mars 2017 þar sem vakin var athygli á fyrra bréfi og nýr frestur veittur til 20. sama mánaðar. Í framhaldi var kæran ásamt fylgiskjölum send á ný samkvæmt ósk lögmanns hans, Finns Magnússonar hrl. Með bréfi 23. mars 2017 fór lögmaðurinn fram á frekari frest og jafnframt var óskað eftir afritum af úrskurðum nefndarinnar í málum þar sem siðanefndin hefði tekið ákvörðun samkvæmt 4. gr. starfsreglna nefndarinnar, sem varðar skilyrði fyrir frávísun. Á fundi sínum 4. apríl 2017 var þessi beiðni tekin fyrir og rædd réttarstaða siðanefndarinnar í ljósi meðferðar persónuupplýsinga, en álit hennar höfðu ekki áður verið afhent öðrum en aðilum viðkomandi máls. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að samkvæmt 10. gr. starfsreglna hennar væru mál ekki á forræði nefndarinnar eftir að þeim væri lokið og þau hefðu verið send rektor til „vitundar og varðveislu“. Af þessari ástæðu var beiðni lögmanns kærða vísað til afgreiðslu rektors. Jafnframt var samþykktur umbeðinn frestur til handa kærða til 30. sama mánaðar. Sama dag var beiðni lögmannsins framsend rektor til umfjöllunar og afgreiðslu. Með bréfi 21. sama mánaðar tilkynnti lögmaðurinn siðanefndinni að skrifstofa rektors hefði tjáð honum að erindið væri of umfangsmikið til þess að unnt væri að afgreiða það fyrr en í lok mánaðarins og óskaði hann því eftir frekari fresti. Á fundi sínum 27. sama mánaðar var samþykkt að veita frest til 5. maí. Með bréfi rektors 27. apríl 2017 er lögmanni kærða tilkynnt að beiðninni væri hafnað að því er tæki til átta mála, en aðgangur veittur að ákvörðun þar sem kærði hafði sjálfur verið aðili og að hluta að ákvörðunum í þremur öðrum málum eftir að persónugreinanlegar upplýsingar höfðu verið afmáðar. Með bréfi 4. maí tilkynnti lögmaðurinn siðanefndinni að ákveðið hefði verið að kæra ákvörðun rektors til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og óskaði eftir fresti í ótiltekinn tíma til að skila inn

greinargerð til siðanefndar. Á fundi sínum 11. sama mánaðar samþykkti siðanefndin að veita umbeðinn frest þar til ákvörðun úrskurðarnefndar um upplýsingamál lægi fyrir, var það tilkynnt lögmanninum með bréfi 12. sama mánaðar. Hinn 13. desember 2017 kvað úrskurðarnefnd upplýsingamála upp úrskurð sinn þar sem kærða var veittur aðgangur að nokkrum þeirra mála sem áður hafði verið hafnað. Með bréfi 19. janúar 2018 sendi lögmaður kærða greinargerð sína vegna kærunnar. Var hún kynnt kæranda með bréfi siðanefndar 23. sama mánaðar og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Kærandi sendi athugasemdir 30. sama mánaðar, sem voru kynntar lögmanni kærða 1. febrúar 2018 og skilaði hann athugasemdum 12. sama mánaðar. Telur siðanefndin að gagnaöflun hafi þar með verið lokið.

III

Málsatvik og rök aðila

1

Kærandi heldur því fram að kærði hafi ítrekað og um langt skeið haldið fram ósannri, rættinni fullyrðingu um fyrirtæki kæranda, fjölmiðilinn Kjarnann, og starfsmenn þess. Hún sé þess eðlis að um atvinnurög sé að ræða sem hafi valdið fyrirtækinu orðsporsskaða og fjárhagstjóni og starfsmönnum þess erfiðleikum í starfi. Fullyrðingin sé sú að Kjarninn sé fjármagnaður af erlendum kröfuhöfum föllnu íslensku bankanna og að hann gangi þannig erinda þeirra. Fullyrðing þessi eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Hafi kærða ítrekað verið boðið að rökstyðja hana eða draga til baka. Einnig hafi honum verið boðið að spyrja allra þeirra spurninga sem hann hafi um fjármögnun fjölmiðilsins. Kærði hafi ekki orðið við þessum tilmælum heldur endurtekið hina ósönnu fullyrðingu margsinnis síðan, jafnt í tali sem og í ritum, í fjölmiðli og á samfélagsmiðlum. Opinber gögn sýni að fullyrðingar kærða séu rangar. Eigendur fyrirtækisins séu rétt skráðir á vef fjölmiðlanefndar, og í ársreikningum þess sem aðgengilegir séu í fyrirtækjaskrá komi fram að fyrirtækið skuldi ekkert. Í kærinni er vísað á vefslóðir fjölmiðlanefndar og Kjarnans.

Um ummælin vísar kærandi sérstaklega til fjögurra tilvika:

Í fyrsta lagi til pistils á vefmiðlinum Pressunni 14. febrúar 2015, þar sem fullyrðingin hafi fyrst verið sett fram á svohljóðandi hátt: „Tvær öflugar áróðursvélar útlendinga mala allan daginn alla daga. Aðra kostar Evrópusambandið, og er fjöldi manns á launum hjá henni. Hina kosta erlendir kröfuhafar bankanna. Sjá mátti samstillt átak þeirra, þegar rætt var á dögnum um sölu tveggja af þremur ríkisbönkum og skuldabréf eins þeirra og efast um, að niðurstaðan hefði verið eins hagstæð Íslendingum og kostur hefði verið á. Gamalreyndir menn og glöggir sjá fingraför þessarar áróðursvélar á bloggi Stefáns Ólafssonar prófessors um Víglund Þorsteinsson og á ýmsum fréttum Kjarnans.“

Í öðru lagi til gagnrýni á Kjarnann í apríl 2015 í stöðuuppfærslu á Facebook-síðu kærða, þar sem hann eigi mörg þúsund „vini“ og/eða „fylgjendur“. Útbreiðsla þessa miðils, Facebook-síða kærða, sé meiri en margra hefðbundinna fjölmiðla, t.d. staðarblaða, og því ljóst að mikil ábyrgð fylgi staðhæfingum sem þar séu settar fram, þótt augljóslega sé ekki um að ræða skráðan fjölmiðil sem lúti fjölmiðlalögum. Kærandi og kærði hafi átt orðaskipti í kjölfarið í ummælum við færsluna og kærandi spurt kærða hvort hann hefði hug á að draga ummælin til baka eða biðjast afsökunar á þeim. Hann hafi neitað því og endurtekið þess í stað ávirðingar sínar. Orðrétt hafi hann sagt: „Það er ekki nóg með, að allir sjái, að þið rekið erindi kröfuhafanna í Kjarnanum, heldur hef ég heimildir fyrir því,

sem ég vil ekki upplýsa um fremur en þú um þínar heimildir. Ég þarf því ekkert að taka til baka.“ Þessi samskipti hafi síðan ratað í hefðbundna fjölmiðla þegar vefmiðillinn Eyjan hafi sagt frá þeim.

Í þriðja lagi vísar kærandi til stöðuuppfærslu kærða á Facebook í janúar 2016 um sama efni. Í kjölfarið hafi blaðamaður á visir.is, næst stærsta fréttavef þjóðarinnar, haft samband við kærða til að spyrja hann út í stöðuuppfærsluna. Í svari hans við spurningum blaðamanns hafi hann sagt: „En þú skalt gæta að því, að Kjarninn er að ráðast á aðra fjölmiðla fyrir að vera vandabundna hagsmunaaðilum. Hann ætti að sleppa því samkvæmt lögmálinu, að sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrsta steininum. Ég held raunar, að það sé betra að fá stuðning frá útgerðarmönnum en frá erlendum kröfuhöfum, svo að við höldum okkur áfram við Kjarnann.“

Í fjórða lagi vísar kærandi til þess að hinn 12. nóvember sama ár hafi kærði endurtekið staðhæfingar um tengsl Kjarnans við erlenda kröfuhafa á Facebook-síðu sinni og látið eftirfarandi orð falla. „Ef þú ert súr yfir því, að ég hef bent á tengsl ykkar á Kjarnanum við erlendu kröfuhafana, þá svara ég því til, að ég tel mig hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því (og miklu nákvæmari en ég hef látið upp opinberlega), þótt ég kjósi ekki frekar en þið stundum að greina frá þeim opinberlega. Heimildarmenn verða stundum að njóta friðhelgis, eins og þið fjölmiðlamenn hljótið að skilja öðrum betur.“

Kærandi telur að með því að setja fram þessa ávirðingu um að „erlendir kröfuhafar bankanna“ séu að kosta ýmsar fréttir Kjarnans, og með því að segjast hafa „áreiðanlegar heimildir“ fyrir tengslum aðstandenda Kjarnans við erlenda kröfuhafa, hafi kærði gerst brotlegur við ýmis ákvæði siðareglna Háskóla Íslands.

Kærandi telur sérstaklega alvarlegt að kærði haldi slíku fram gagnvart fréttaskrifum Kjarnans, en ekki til dæmis skoðanaskrifum. Ritstjórnarstefna Kjarnans sé birt á heimasíðu fréttamiðilsins og þar segi m.a.: „Verk Kjarnans verða dæmd [af] lesendum hans. Trúnaður Kjarnans verður einungis gagnvart þeim, því það er þar sem hagsmunir hans liggja.“ Kærði hafi uppi atvinnuróg, með því að fullyrða að Kjarninn sigli undir fölsku flaggi og gæti hagsmuna erlendra kröfuhafa föllnu bankanna, sem sé til þess fallinn að skaða vörumerkið Kjarnann, tekjumöguleika hans og trúverðugleika þeirra sem á miðlinum starfa. Kærandi sé ritstjóri og ábyrgðarmaður Kjarnans og sinni auk þess kennslustörfum í Háskóla Íslands, því falli aðdróttanir kærða um kæranda og fyrirtæki hans undir siðareglur Háskóla Íslands. Samkvæmt siðareglum Háskóla Íslands beri prófessorar við skólann ábyrgð gagnvart samfélaginu. Þeir eigi að efla frjáls, málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti. Þeir eigi að gera það af fagmennsku og vera minnugir um ábyrgð sína sem háskólaborgarar. Frumábyrgð háskólaborgarans sé að leita sannleikans og setja hann fram eftir bestu vitund. Þá starfi kærandi innan Háskólans og kærði beri því sérstaka ábyrgð gagnvart honum samkvæmt siðareglum. Framkoma hans hafi ekki falið í sér virðingu í framkomu, ræðu né riti. Síendurtekinn atvinnurógur og ærumeiðingar, sem í felist niðurlægjandi áreitni, geti enn fremur flokkast sem einelti. Þá sé ljóst að kærði hafi ekki hagað skoðanaskiptum sínum við kæranda á málefnalegan hátt.

Traust sé það mikilvægasta sem fjölmiðill eigi og Kjarninn leggi mikið upp úr því að stuðla að upplýsandi og staðreyndamiðaðri umræðu sem byggi ekki á sérhagsmunum heldur almannahagsmunum. Ávirðingar kærða snúist um að starfsmenn Kjarnans sigli undir fölsku flaggi og séu í reynd að ganga erinda aðila sem hafi hagsmuni andstæða

hagsmunum almennings. Því verði ávirðingarnar gagnvart fjölmiðli eins og Kjarnanum, og fagfólkinu sem þar vinni, ekki grófari en þær sem kærði hafi ítrekað sett fram. Aðrir hafi tekið upp þessar ávirðingar og sett þær fram á opinberum vettvangi. Þær hafi meira að segja verið ræddar á meðal þingmanna. Það sé enginn vafi í huga kæranda að þegar virtur prófessor við Háskóla Íslands, með 30 ára starfsferil að baki, setji þessar sömu upplognu ávirðingar fram opinberlega þá öðlist þær óverðskuldaðan trúverðugleika. Þessar ávirðingar hafi einnig ratað til auglýsenda og upp hafi komið tilvik þar sem þeim hafi verið sagt, oftast eftir á, að ákveðin fyrirtæki muni ekki auglýsa í Kjarnanum vegna þess að innan þeirra telji ráðafólk að ávirðingar um aðkomu erlendra kröfuhafa séu sannar. Mjög erfitt sé hins vegar fyrir starfsfólk Kjarnans að sýna fram á beint orsakasambandi í þessum efnum, eðli málsins samkvæmt, en það sé sterk tilfinning að ávirðingar kærða hafi valdið þeim fjárhagslegu tjóni. Kærandi telur bersýnilegt að kærði hafi gerst brotlegur við siðareglur Háskóla Íslands með framferði sínu gagnvart sér, starfsfólki sínu og Kjarnanum fjölmiðli.

Um brot á siðareglum Háskóla Íslands vísar hann í fyrsta lagi til kafla 1.3 sem ber yfirskriftina „Ábyrgð gagnvart öðrum háskólaborgurum“. Sérstaklega bendir hann á 1) reglu „1.3.1 Starfsfólk og nemendur Háskólans sýni hver öðrum virðingu í framkomu, ræðu og riti.“ Telur hann brotið vera það, að í aðdróttunum kærða felist vanvirðing gagnvart kæranda sem stjórnanda og ábyrgðaraðila miðilsins; 2) reglu „1.3.3 Starfsmenn og nemendur Háskólans haga skoðanaskiptum á málefnalega hátt.“ Telur hann að regla þessi eigi við þar sem skoðanaskipti kærða séu ekki sett fram á málefnalega hátt.

Í öðru lagi vísar hann til reglna í 2. kafla sem ber yfirskriftina „Rannsóknir, kennsla og nám“, þar sé um að ræða brot á undirkafla „2.1 Ábyrgð gagnvart fræðunum“. Kærði hafi 1) ekki leitað sannleikans og ekki sett fullyrðingar sínar fram samkvæmt bestu vitund og sé því um að ræða brot á reglu „2.1.1 Kennarar, sérfræðingar og nemendur leitast við að varðveita og efla faglega hæfni sína. Störf þeirra skulu sýna að þeim er umhugað um góða starfshætti á eigin fræðasviði.“ Þvert á móti hafi kærði kosið að setja fram ósannindi og neitað að draga þau til baka þegar kærandi hafi beðið hann um það, og í ljósi þess að kærði geti ekki stutt ávirðingar sínar með gögnum. Einnig séu þær 2) í andstöðu við reglu „2.1.3 Kennarar, sérfræðingar og nemendur eru gagnrýnir á sjálfa sig og vanda dóma sína. Þeir falsa ekki eða afbaka upplýsingar, gögn eða niðurstöður rannsókna. Þeir gæta þess að birtar niðurstöður veiti ekki einhliða og villandi mynd af viðfangsefninu. Þeir forðast hvers kyns mistök og villur í rannsóknarstarfinu. Verði þeim á mistök viðurkenna þeir þau og gera það sem þeir geta til að bæta fyrir þau.“ Kærandi telur að þar sem framsetning umræddra ávirðinga séu afbakaðar upplýsingar sem ekki séu studdar neinum gögnum auk þess að gefa mjög villandi mynd af viðfangsefni kærða, fyrirtækinu Kjarnanum, sé brotið gegn þessari reglu. Kærði hafi enn fremur þverneitað að viðurkenna mistök sín í umræddu máli og ekkert gert til að bæta fyrir þau.

Í þriðja lagi séu ávirðingar kærða í garð Kjarnans brot á kafla „2.4 Ábyrgð gagnvart samfélaginu“. Sannarlega sé ekki um að ræða málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti heldur órökstuddan áburð sem hægt sé að sýna fram á með gögnum að sé að öllu leyti rangur. Vísar kærandi sérstaklega til reglu „2.4.1 Kennarar, sérfræðingar og nemendur leggja sig fram um að efla rannsóknir í samfélaginu, sem og frjáls, málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti“ og einnig til reglu „2.4.2 Kennarar, sérfræðingar og nemendur sem taka þátt í opinberri umræðu eða sinna félags- og stjórnámálum gera það samkvæmt eigin sannfæringu. Jafnframt eru þeir minnugir um ábyrgð sína sem háskólaborgarar“.

Í ljósi framangreinds fer kærandi fram á að siðanefndin, og eftir atvikum rektor, taki framferði kærða til umfjöllunar. Kærandi tekur fram að ef kærði sé tilbúinn að biðjast afsökunar opinberlega á ávirðingum sínum og draga ummæli sín til baka þá sé málinu lokið af hans hálfu.

2

Af hálfu kærða er málavaxtalýsingu kæranda mótmælt. Á undanförunum árum hafi veftímaritið Kjarninn ítrekað fjallað um hið mikla fjármálaáfall árið 2008, bæði í heild sinni og einstaka þætti þess og greint þróun síðustu ára, ranglega að margra mati. Eigi það einkum við um umfjöllun Kjarnans sem lotið hafi að eftirmálum fjármálaáfallsins, þ.m.t. lögskiptum tengdum skilaneftindum og slitastjórnnum hinna föllnu banka, en ljóst sé að kröfuhafar stærstu viðskiptabankanna hafi gengið hart fram í að gæta hagsmuna sinna hér á landi, bæði gagnvart stjórnvöldum og svo gagnvart öllum almenningi. Kærði hafi verið prófessor við stjórnfræðideild Háskóla Íslands um áratuga skeið, auk þess að hafa verið virkur þátttakandi í opinberri umræðu. Eðli málsins samkvæmt hafi atburðir undanfarinna ára verið tíðræddir, bæði á vettvangi stjórnmalanna, af hálfu opinberra nefnda, s.s. rannsóknarnefndar Alþingis, og af hálfu fjölmiðla. Óhætt sé að fullyrða að opinber umræða undanfarinna ára hafi verið hin mesta hér á landi frá lýðveldisstofnun enda ljóst að efnahagslegt og pólitískt gjörningaveður í kjölfar fjármálaáfallsins hafi verið án nokkurra fordæma. Þessi umræða hafi að verulegu leyti átt sér stað á veraldarvefnum, þ.m.t. á einstökum blogg síðum svo og á samfélagsmiðlinum Facebook. Kærandi og kærði hafi verið ósammála um fjölmarga hluti og skipst á skoðunum hvað varðar fjármálaáfallið, hagsmunagæslu erlendra kröfuhafa hinna föllnu íslensku banka og hversu langt hafi verið seilst í þeirri hagsmunagæslu. Mótmælir kærði sérstaklega lýsingu sóknaraðila á einstökum málsatvikum og telur að hann lýsi ranglega réttindum og skyldum beggja aðila máls þessa hvað varði þær fullyrðingar sem kærði hafi látið falla um kæranda.

Kærði fer aðallega fram á að kærinni verði vísað frá siðanefnd. Til stuðnings þeirri kröfu ber kærði fram eftirfarandi rök.

Í fyrsta lagi að kæran varði ekki siðareglur Háskóla Íslands og sé tilefnislaus. Vísar hann þar til 4. gr. starfsreglna nefndarinnar en þar segir: „*Áður en siðanefnd tekur mál til umfjöllunar kannar hún hvort framkomin kæra snerti siðareglur Háskóla Íslands. Nefndin vísar frá kærum sem ekki varða siðareglurnar eða eru tilefnislausar. Þá getur nefndin vísað kærum frá, ef um er að ræða meint brot á lagareglum sem hægt er að bera undir úrskurð stjórnvalda eða dómstóla.*“ Kæran varði ummæli kærða sem sett séu fram í opinberri umræðu og telji kærði að hann njóti sama réttar og aðrir borgarar til að taka þátt í og tjá sig í slíkri umræðu án afskipta siðanefndarinnar. Telji kærandi á sér brotið verði hann eins og aðrir að sækja rétt sinn til almennra dómstóla. Um þetta atriði er vísað til raka er lúta að efnishlið málsins hér síðar, svo sem um stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi og heimild stjórnvalda til að takmarka það. Kærði telur að þátttaka háskólaborgara í opinberri umræðu falli utan gildissviðs siðareglna Háskóla Íslands.

Í öðru lagi sé ekki um að ræða brot gegn öðrum háskólaborgurum, sbr. reglu 1.3. sem kærandi byggir á. Reyndar sé óljóst hver sé í reynd kærandi málsins. Undir kærana riti „Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans“. Orðalag kærunnar, þar sem ýmist séu notuð persónufornöfnin „ég“ eða „okkur“, bendi hins vegar ýmist til þess að hún sé sett fram af kæranda persónulega eða af fjölmiðlinum Kjarnanum, sem sé rekinn af einkahlutafélaginu Kjarninn miðlar ehf., dæmi: „Ég kæri hér með ...“ og „...ávirðingarnar

gagnvart fjölmiðli eins og okkar...". Það kunnir að hafa þýðingu við úrlausn málsins, að teknu tilliti til þeirra röksemda sem komi fram í kærinni, hver hinn raunverulegi kærandi sé. Þórður Snær sé eigandi 12,20% hlutar í einkahlutafélaginu sem reki fjölmiðilinn Kjarnann. Því séu kærandi og Kjarninn ekki sami aðilinn í lagalegum skilningi. Auk þess sé kærandi hvorki í stjórn né framkvæmdastjórn Kjarnans miðlar ehf. og hafi ekki prókúruumboð fyrir hönd félagsins. Ekki liggi fyrir hvort að þar til bærir aðilar innan Kjarnans miðla ehf. hafi tekið ákvörðun um að félagið yrði formlegur aðili að kvörtunarmáli fyrir siðanefndinni.

Í kærinni sé leitast við að fella kærana undir gildissvið siðareglanna með vísun til þess að kærandi sé kennari við háskólann. Í þessu sambandi bendir kærði á að hvergi í þeim ummælum kærða sem tekin eru upp í kærinni sé um að ræða ummæli sem beinist persónulega að sóknaraðila heldur sé alltaf um að ræða ummæli sem varði Kjarnann sem fjölmiðil. Telji siðanefndin að unnt sé að fella ummæli kærða um fjölmiðil undir reglu 1.3 á þeim grundvelli að aðili sem teljist til yfirstjórnar viðkomandi fjölmiðils kenni námskeið við háskólann myndi það skapa fordæmi fyrir því að fjöldi fyrirtækja myndu njóta verndar sömu greinar enda hafi einstaklingar í yfirstjórnnum fjölmargra íslenskra fyrirtækja sambærilega tengingu við Háskóla Íslands sem kennarar eða nemendur.

Í þriðja lagi eigi 2. kafli siðareglna um rannsóknir, kennslu og nám ekki við. Hin kærðu skrif séu sett fram í almennri umræðu, þ.e. sem greinarskrif á vefsvæði kærða og færslum á Facebook. Slík skrif falli ekki undir rannsóknir, kennslu og nám og verði siðareglunum ekki beitt um slík ummæli sé almenn textaskýring þeirra lögð til grundvallar.

Í fjórða lagi eigi krafa um að látið sé af opinberum ummælum undir dómstóla. Kærði telur enga kröfu setta fram í kærinni og vaki fyrir kæranda að fá kærða til þess að láta af ummælum og leitast við að fá slík orð afmáð sé um að ræða atriði þar sem leita þurfi atbeina dómstóla og beri því að vísa málinu frá nefndinni. Vísar kærði hér um til ákvörðunar siðanefndar í máli nr. 3/2014.

Til vara krefst kærði þess að kröfum kæranda verði hafnað ber fram fyrir því eftirfarandi rök.

Í fyrsta lagi sé tjáningarfrelsi kærða varið af stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Vísar hann þar um til 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með áorðnum breytingum. Í þeirri grundvallarreglu felist að kærði sé frjáls skoðana sinna og sannfæringar og eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Auk þess njóti kærði sjálfstæðs réttar samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í meginreglu sáttmálans felist réttur til að tjá sig, svo og réttur til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum án afskipta stjórnvalda. Sá réttur hans sé fyrir borð borinn ef hann geti ekki tjáð sig með þeim hætti sem hann hafi gert í þeim ummælum sem vísað er til í kærnu.

Í þessu samhengi vísar kærði til þess að siðanefnd sé sjálfstæð nefnd innan Háskóla Íslands, en hann sé opinber háskóli í skilningi laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Telur kærði leiða af því að nefndin teljist hluti ríkisvalds í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Vísar hann þar um til dóms frá 28. október 1999 í máli *Wille gegn Liechtenstein*. Þótt siðanefndin taki ekki stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnvaldsákvæðis laga þá geti ákvarðanir nefndarinnar verið

Íþyngjandi fyrir akademíska fræðimenn sem starfi innan Háskóla Íslands. Sú staðreynd, að nefndinni beri að gæta málsmeðferðarreglna stjórnarsýslulaga, s.s. andmælaréttar, undirbyggi þá niðurstöðu. Að teknu tilliti til þessa geti siðanefndin, taki hún til greina málatilbúnað sóknaraðila, brotið gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi kærða. Hún verði að gæta þess að takmarka ekki stjórnarskrárvarinn rétt háskólaborgara til tjáningarfrelsis og líta til almennra sjónarmiða sem ríki þegar ríkisstarfsmenn tjái persónulegar skoðanir sínar. Við slíkar aðstæður hafi verið álitnið að fáar reglur gildi sem takmarki tjáningarfrelsi þeirra umfram almenna borgara. Eingöngu geti komið til greina að takmarka tjáningarfrelsi ríkisstarfsmanna í tilvikum þar sem um sé að ræða mál sem falli undir starfssvið viðkomandi og hann taki þátt í meðferð á undirbúningi tiltekinna pólitískrar eða stjórnarsýslulegrar ákvörðunar. Slík takmörkun geti ekki átt rétt á sér í tilviki kærða. Vísar kærði hér um til rits Páls Hreinssonar Stjórnarsýsluréttur - málsmeðferð, bls. 729 og áfram, þar sem reifuð séu sjónarmið umboðsmanns danska þingsins og ýmis álit umboðsmanns Alþingis um þetta efni.

Í þessu sambandi hafi það einnig þýðingu að kærði starfi ekki einungis sem fræðimaður hér á landi heldur sé hann í miklum samskiptum við erlenda fræðimenn allan ársins hring. Vísar kærði til þess að fordæmi séu fyrir því að prófessorar innan Háskóla Íslands hafi gengið mjög langt í gagnrýni sinni á störf hans innan háskólans. Nefnir hann tiltekið dæmi um slíka umfjöllun á erlendum vettvangi. Telur hann þetta hafa þýðingu og renna stoðum undir þá afstöðu kærða að ákvarðanir siðanefndar geti verið mjög íþyngjandi fyrir fræðimenn.

Í öðru lagi séu ummæli kærða sett fram af honum persónulega en ekki í nafni Háskóla Íslands. Þegar fjallað sé um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna verði að greina á milli þess hvenær starfsmaður komi fram fyrir hönd tiltekins stjórnvalds eða hvort hann sé að tjá persónulegar skoðanir sínar. Kærði hafi tekið þátt í opinberri umræðu um eftirmál fjármálaáfallsins 2008 og hagsmunagæslu erlendra kröfuhafa hinna föllnu banka. Vísar kærði til máls umboðsmanns danska þingsins nr. 16/02693, en þar hafi umboðsmaður bent á, við mat á ummælum háttsetts yfirmanns í stjórnarsýslunni, að horfa yrði til þess að ummæli voru sett fram á Facebook-síðu, þ.e. af einstaklingi en ekki starfsmanni stjórnarsýslunnar. Telur kærði að það hefði mjög skaðleg áhrif á lýðræðislega umræðu ef starfsfólki Háskóla Íslands væri „með siðareglum og úrskurðum siðanefnda, meinað að taka, í eigin nafni, þátt í opinberri umræðu í stórum stíl. Það [leiði] af 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að tjáningarfrelsi kærða verði aðeins settar skorður með lögum og í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Um þetta [megi] einnig vísa til 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og 19. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. auglýsingu nr. 10/1979.“ Í þessu samhengi vísar kærði til niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi* 25. júní 1992 um að réttur einstaklings til að tjá sig sé sérstaklega ríkur eigi málefni erindi til almennings, og telur að svo hafi háttað til um þær umræður sem málið snúist um, sem hafi „varðað stærstu pólitísku hagsmunamál þjóðarinnar frá stofnun lýðveldis.“ Þátttaka hans þar um njóti því mikillar verndar og hvers kyns ákvörðun siðanefndarinnar, þar sem tekið yrði undir sjónarmið kæranda, fæli í sér ólögmetta takmörkun á tjáningarfrelsi hans og brot gegn framangreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans. Ljóst sé að ummæli kærða um fjölmiðilinn Kjarnann hafi ekki varðað starf hans sem háskólaprófessors eða falið í sér upplýsingar sem honum hafi borið sérstök

trúnaðarskylda eða þagnarskylda um. Framangreind sjónarmið leiði til þess að siðanefnd Háskóla Íslands sé óheimilt að takmarka tjáningarfrelsi kærða til þátttöku í opinberri umræðu eins og þeirri sem ummæli kærða hafi verið sett fram í.

Í þriðja lagi beinist ummælin ekki að starfsmanni Háskóla Íslands, þau varði fjölmiðilinn Kjarnann og efnistöð þess fjölmiðils. Engin þeirra varði störf sóknaraðila, Þórðar Snæs, innan háskólans. Þau geti á engan hátt talist fela í sér óvirðingu gagnvart honum sem starfsmanni háskólans, þrátt fyrir að hann ritstýri fjölmiðlinum og eigi um 1/8 hlut í honum. Telur kærði að siðareglunum sé ætlað að vernda fræðimenn og nemendur í störfum sínum á vegum háskólans. Það væri varhugavert, og brot á tjáningarfrelsi, ef siðareglur myndu veita fyrirtækjum vernd fyrir gagnrýni í samfélagsumræðu vegna þess að fyrirsvarsmenn þeirra séu starfsmenn eða nemendur við háskólann. Vísist um þetta til fyrri umfjöllunar um frávísunarkröfu kærða að breyttu breytanda en sömu rök leiði að mati kærða til þess að hafna beri kröfum kæranda.

Í fjórða lagi hafnar kærði því að þátttaka hans í almennri umræðu, þ.e. greinarskrifum á vefsvæði sínu og færslum á Facebook, falli undir rannsóknir, kennslu og nám á vegum Háskóla Íslands í skilningi siðareglanna. Ummæli hans falli ekki undir tilvitnaðar greinar í 2. kafla siðareglanna. Þau hafi falið í sér skoðanaskipti í almennri og opinberri umræðu sem njóti sérstakrar verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu eins og að framan sé lýst. Í raun veiti siðareglurnar honum það svigrún sem í þeim felist en í reglu 2.4.2 komi fram að „kennarar sem taka þátt í opinberri umræðu gera það samkvæmt eigin sannfæringu.“ Það hafi varnaraðili gert, líkt og tjáningarfrelsi hans veiti honum heimild til. Ummæli hans geti því ekki talist brot á siðareglunum.

3

Í athugasemdum kæranda við greinargerð kærða leggur kærandi áherslu á að engin efnisleg umfjöllun sé þar um þau ummæli sem hann hafi viðhaft á opinberum vettvangi og kærði reyni ekki með nokkrum hætti að rökstyðja þær alvarlegu ávirðingar sem hann beri á kæranda eða það fyrirtæki sem hann stýri. Af þessum sökum sé ekki hægt að skilja málsvörn kærða með öðrum hætti en að hann standi við ummælin, sem séu röng og til þess fallin að valda kæranda og fyrirtæki hans miklum skaða.

Í greinargerðinni sé því haldið fram að kærandi sé ekki í framkvæmdastjórn Kjarnans miðla ehf. og hafi ekki prókúrumboð. Hvort tveggja sé rangt. Kærandi sé einnig ritstjóri miðilsins og einn aðaleigenda hans. Af þessu sé ljóst að ávirðingar á hendur Kjarnanum séu ávirðingar á hendur kæranda, enda sé persóna hans beintengd Kjarnanum. Kærandi hafi verið spurður út í ósönn og ærumeiðandi ummæli kærða í kennslu sinni í háskólanum og því augljóst að ummæli kærða hafi haft áhrif á stöðu hans sem kennara við Háskóla Íslands.

Á sama hátt verði persóna kærða ekki aðskilin því að hann sé prófessor við Háskóla Íslands. Gefi það ummælum hans aukinn trúverðugleika og sé kærði nær aldrei skilgreindur með öðrum hætti í opinberri umræðu en sem prófessor þar. Auk þess skilgreini kærði sig sjálfur þannig á öllum þeim samfélagsmiðlum þar sem hann setji fram ávirðingar á hendur Kjarnanum. Það geri hann einnig á vefmiðlinum Pressunni, þar sem ávirðingar hafi verið settar fram í pistli. Því sé augljóst að kærði skilgreini sig sjálfur fyrst og síðast sem prófessor við Háskóla Íslands og ummæli sem hann setji fram í opinberri umræðu verði aldrei annað en tengd þeirri stöðu.

Kærandi mótmælir þeirri fullyrðingu kærða að ekki sé sett fram krafa í kærinni. Krafan sé skýr, að siðanefnd taki afstöðu til þess hvort að framferði kærða sé í samræmi við siðareglur Háskóla Íslands. Þar sé líka tekið skýrt fram að ef varnaraðili sé tilbúinn til að biðjast opinberlega afsökunar á ávirðingum sínum og draga ummæli sín til baka sé málinu lokið.

Kærandi sé ekki með nokkrum hætti að reyna að meina kærða að taka þátt í opinberri umræðu. Ummæli kærða séu ekki gagnrýni eða skoðanaskipti í neinum skilningi. Þau séu rangar staðhæfingar sem kærði geti ekki rökstutt en neiti samt sem áður að draga til baka. Kæran snúist um að varnaraðili eigi ekki að geta sett fram ósannar og órökstuddar fullyrðingar um sóknaraðila og fyrirtækið sem hann stýri, fullyrðingar sem fá aukið vægi vegna þess að kærði sé starfsmaður Háskóla Íslands, og hafi valdið skaða á trúverðugleika fyrirtækisins og þess sem því stýrir, sem og stöðu kæranda sem kennara við Félagsvísindasvið háskólans. Fallist siðanefnd á að ummæli kærða rúmist innan 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og teljist þar með þátttaka í opinberri umræðu samkvæmt eigin sannfæringu, þá feli það í sér að niðurstaða siðanefndar sé að segja megi hvað sem er á opinberum vettvangi án afleiðinga eða ábyrgðar, og að engu skipti hvort þau ummæli séu sönn eða ekki né heldur hvort þau valdi skaða eða ekki.

Kærandi hafnar því að það geti verið íþyngjandi fyrir kærða sem fræðimann að gerð sé sú krafa að hann rökstyðji ærumeiðandi atvinnuróg eða dragi hann til baka. Þvert á móti verði það að teljast mjög eðlileg krafa að fræðimenn rökstyðji mál sitt.

4

Í athugasemdum kærða við framangreindum athugasemdum kæranda er ítrekaður sá skilningur kærða að enga kröfugerð sé að finna í erindi kæranda. Er vísað til reglu 3.2 en þar segir að siðanefnd hafi það hlutverk „að skera úr um það hvort siðareglur Háskólans hafi verið brotnar“. Ennfremur til reglu 3.5 um að niðurstaða nefndarinnar um „brot á siðareglum“ sé endanleg. Í 9. gr. starfsreglna siðanefndarinnar sé ennfremur mælt fyrir um að nefndin skuli meta „hvort brotið hafi verið gegn siðareglum Háskóla Íslands“. Af þessu sé ljóst að framangreind kröfugerð kæranda eigi sér ekki stoð í siðareglunum og verði að telja að siðanefndin sé ekki bær að lögum til að meta hvort að tiltekin háttsemi teljist „í samræmi við siðareglur“ Háskóla Íslands. Varakrafa kærða sé sett fram komi til þess að nefndin fallist ekki á það að engin krafa komi fram í kærinni. Þær reglur sem hér sé vitnað til séu í samræmi við hefðbundna framsetningu kröfugerðar í málum sem þessum sem og í stjórnarsýslumálum. Þá hafi hér sérstaka þýðingu að samkvæmt reglu 3.3 siðareglanna beri nefndinni að taka „mið af málsmeðferð fyrir dómstólum og opinberum stjórnvöldum sem ætlað er að tryggja óhlutdrægni og málefnalega umfjöllun.“

Að því er varði stöðu kæranda bendir kærði á það í greinargerð sinni að ummæli kærða taki ekki til Þórðar Snæs heldur varði þau skrif Kjarnans um fjármálaáfallið 2008. Hins vegar sé fullkomin óvissa um á hvers vegum kæran sé vegna ítrekaðrar umfjöllunar um „mig og mitt fyrirtæki“. Í því sambandi er ítrekað að Þórður Snær hafi engar heimildir haft til að koma fram fyrir hönd Kjarnans, auk þess sem að Kjarninn geti á engan hátt fallið undir siðareglur Háskóla Íslands. Kærandi haldi því fram í athugasemdum sínum 30. janúar sl. að hann sé í framkvæmdastjórn Kjarnans og hafi prókúru fyrir hönd félagsins og því sé „ljóst að ávirðingar á hendur Kjarnanum séu ávirðingar á hendur sóknaraðila.“

Einnig sé á því byggt að ummæli kærða um Kjarnann hafi „bein áhrif á persónu og æru sóknaraðila.“ Kærandi hafi ekki lagt fram nein gögn máli sínu til stuðnings. Kærði leggi nú fram þrjár útprentanir úr hlutafélagaskrá. Af gögnum frá 9. febrúar 2017 og 27. apríl sama ár megi sjá að kærandi hafi ekki verið skráður í framkvæmdastjórn Kjarnans eða stjórn eða farið með prókúru á þeim tíma. Samkvæmt útprentun úr hlutafélagaskrá 5. febrúar 2018 sé kærandi skráður í framkvæmdastjórn Kjarnans, en ekki í stjórn eða með prókúru fyrir félagið, á þeim tíma hafi meira en ár verið liðið frá því að kærán var send siðanefndinni og því ljóst að á þeim tíma hafi kærandi ekki verið með prókúru fyrir félagið og hvorki verið í stjórn sé framkvæmdastjórn þess. Í lagalegum skilning séu kærandi, Þórður Snær, og einkahlutafélagið Kjarninn miðlar ehf. ekki sami aðilinn. Hvor um sig séu þessir aðilar bærir til að eiga réttindi og bera skyldur að lögum. Aðild að stjórnarsýslumáli eða dómsmáli þurfi því að skýra og rökstyðja með hliðsjón af réttindum og skyldum hvors þeirra um sig en það hafi ekki verið gert af hálfu kæranda og ekki stutt neinum gögnum. Því sé ekki unnt að samsama kæranda við Kjarnann og líta á meintar ávirðingar á hendur Kjarnanum sem ávirðingar á hendur sóknaraðila, eins og hann haldi fram.

Í athugasemdum kæranda við greinargerð kærða sé því haldið fram að ummæli kærða hafi haft „áhrif á stöðu sóknaraðila sem kennara við Háskóla Íslands“, þar sem hann hafi verið spurður út í ummæli varnaraðila við kennslu. Í þessu samhengi áréttar kærði að ummæli hans hafi varðað Kjarnann sem fjölmiðil en ekki kæranda, hvorki hans persónu né störf hans við Háskóla Íslands. Nafn hans komi hvergi fram í umræddum ummælum. Þá liggja ekkert fyrir um það hvaða spurningar nákvæmlega hafi verið lagðar fyrir kæranda og hvort þær vörðuðu hann persónulega eða skrif Kjarnans. Málalíbúnaður þessi sé svo óskýr að ómögulegt sé að taka efnislega afstöðu til hans og hljóti því að leiða til frávísunar, sbr. 9. gr. starfsreglna, en þar komi fram að nefndinni beri að vísa kæru frá ef skortur er á upplýsingum um málsatvik. Í ljósi þess að ummælin hafi í engu beinst að kæranda persónulega, hvað þá að störfum hans innan Háskóla Íslands, sbr. fyrri rök er lúta að því að um sitt hvorn aðilann sé að ræða, þá telur kærði að það standist ekki að regla 1.3, sem varðar ábyrgð gagnvart öðrum háskólaborgurum, eigi hér við. Ef svo yrði talið verði að líta svo á að allir þeir sem tengist starfsmönnum eða nemendum Háskóla Íslands með einhverjum hætti njóti verndar á grundvelli greinarinnar, sbr. t.d. gríðarlegur fjöldi fyrirtækja vegna sambærilegrar tengingar við Háskóla Íslands. Telji kærði slíka niðurstöðu ótæka.

Í athugasemdum kæranda við greinargerð kærða sé því haldið fram að persóna kærða verði ekki aðskilin því að hann sé prófessor við háskólann og að það gefi ummælum hans „aukinn trúverðugleika að hann gegni þeirri stöðu“. Auk þess skilgreini kærði sig sem slíkan og ummæli sem hann setji fram í opinberri umræðu verði „aldrei annað en tengd þeirri stöðu.“ Þessum málalíbúnaði mótmælir kærði og vísar til fyrri málsástæðna sinna. Ennfremur ítrekar hann að umdeild ummæli hafi verið persónulegar skoðanir hans, þau hafi verið sett fram í almennri umræðu og í engu sambandi við störf kæranda innan háskólans. Þau falli því ekki undir 2. kafla siðareglanna. Kærði njóti sama réttar og aðrir borgarar til að taka þátt í og tjá sig í almennri umræðu án afskipta siðanefndar, enda séu ummælin í engu tengd störfum hans innan háskólans. Lýsir hann þeirri skoðun sinni að önnur niðurstaða hefði skaðleg áhrif á lýðræðislega umræðu, þ.e. ef fólki innan háskólasamfélagsins sé meinað að taka, í eigin nafni, þátt í opinberri umræðu, og þá sérstaklega þegar um sé að ræða málefni sem eigi beint erindi til almennings, s.s. pólitískar umræður, eins og hér sé um að ræða. Slík niðurstaða bryti gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi kærða, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr.

mannréttindasáttmála Evrópu og fæli í sér ólögmeta takmörkun á frelsi kærða til að taka þátt í almennri og opinberri umræðu. Kærði lýsir sig ósammála þeirri túlkun kæranda að ef siðanefndin fallist á að umdeild ummæli kærða njóti verndar framangreindra tjáningarfrelsisákvæða þá feli það í sér að nefndin telji „að segja megí hvað sem er á opinberum vettvangi án afleiðinga eða ábyrgðar, og að engu skipti hvort þau ummæli séu sönn eða ekki né heldur hvort þau valdi skaða eða ekki“ og telur að um sé að ræða misskilning á samspili ofangreindra réttarheimilda og siðareglna Háskóla Íslands. Sé tilgangur kærunnar að fá kærða til að láta af ummælunum og leitast við að fá slík orð afmáð þá beri kæranda að snúa sér til dómstóla, sbr. 4. gr. starfsreglna siðanefndarinnar.

IV

Forsendur og niðurstaða

1

Siðareglur Háskóla Íslands voru samþykktar, í nafni háskólasamfélagsins, af háskólafundum 7. nóvember 2003. Eins og segir í formála voru með skráningu þeirra „fangaðir í orð helstu þættir þeirrar siðferðilegu ábyrgðar sem er samofin störfum við Háskóla Íslands“ og mikilvægasta hlutverk þeirra sagt vera „að veita almennari viðmiðanir um breytni og faglega ábyrgð en lagareglum er ætlað“.

Uppbygging siðareglunnanna er með þeim hætti að orðaðar eru frumreglur um ábyrgð og skyldur háskólaborgara auk almennra reglna. Í frumreglunum segir að starfsfólk háskólans veiti aðilum innan hans og utan þjónustu og sinni henni af kostgæfni og samviskusamlega og sýni hver öðrum og öðrum utan háskólans „virðingu í framkomu, ræðu og riti“ (1.1.1, 1.2.1, 1.3.1, 2.3.1); að þekking skuli í hávegum höfð, og umfram allt beri að „ástunda fræðileg vinnubrögð, leita sannleikans og setja hann fram samkvæmt bestu vitund“ (2.1.1); frumábyrgð kennara sé að stuðla „að menntun nemenda með vandaðri leiðsögn, viðeigandi kröfum, hvatningu og góðu fordæmi“ (2.2.1); og þá skuli þeir „leggja sig fram um að efla rannsóknir í samfélaginu, sem og frjáls, málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti“ (2.4.1). Siðareglunum er ætlað að taka til samskipta háskólaborgara við aðra bæði innan og utan Háskóla Íslands (1.1 og 2.4 og 3.2).

Siðanefndin lítur svo á að verkefni hennar sé að benda á framangreindar skyldur háskólaborgara, sem tengjast Háskóla Íslands, og meta hvort ákvæði siðareglunnanna eigi við þegar erindi þar um er beint til hennar, sbr. 1. mgr. 1. gr. starfsreglna. Hún skal taka afstöðu til alvarleika brots og hvort um endurtekið brot er að ræða, en hún mælir ekki fyrir um viðurlög, sbr. 9. gr. starfsreglna. Í starfi sínu ber henni að taka mið af meginreglum um óhlutdrægni og vandaða málsmeðferð, og er til hliðsjónar vísað þar um til stjórnarsýsluréttarins, sbr. 2. mgr. 1. gr. starfsreglna, enda er þar að finna leiðbeiningar um málefnalega umfjöllun erinda. Rétt er að benda á að talsverður eðlismunur er á siðareglum sem opinberar stofnanir setja sér og lagareglum, og breytir þar engu þótt orðalag siðareglunnanna sé að vissu leyti sótt til lagamáls, t. d. með orðum eins og „kæra“ og „úrskurður“. Siðanefndin lítur svo á að erindi kæranda sé nægilega skýrt til þess að um það sé fjallað.

2

Kærði heldur því fram að kærandi, Þórður Snær Júlíusson, geti ekki átt aðild að máli þessu þar sem hin kærðu ummæli hafi ekki beinst að honum eða hans persónu heldur fjölmiðlinum Kjarnanum, sem sé í eigu einkahlutafélags og hann sé ekki fyrirsvarmaður þess félags að lögum. Í siðareglum Háskóla Íslands og starfsreglum siðanefndarinnar er

lítið fjallað með beinum hætti um hverjir geti átt aðild að kærnu til nefndarinnar. Í reglu 3.1 segir þó að ef „*starfsmaður verður þess áskynja að reglurnar hafi verið brotnar [geri] hann viðvart um það, með því að beina erindi til rektors eða siðanefndar Háskóla Íslands*“ og í reglu 3.2 segir að nefndin taki við „*erindum frá aðilum innan og utan Háskólans*“. Í 1. gr. starfsreglna nefndarinnar segir að hún taki við skriflegum kærum frá „*nafngreindum aðilum*“. Af þessu er ljóst að meta verður hvert tilvik fyrir sig. Kærandi er ritstjóri Kjarnans og ábyrgðarmaður auk þess að vera einn helsti talsmaður miðilsins út á við. Hann samsamar sína persónu þeirri stöðu. Hin umdeildu ummælin eru sett fram sem andsvar við ritstjórnargrein Kjarnans. Kærandi hefur sjálfur andmælt þeim sem rangri fullyrðingu á sömu miðlum og þau hafa verið sett fram og farið fram á rökstuðning, einnig kveðst hann hafa þurft að svara fyrir þau í kennslu. Er það mat siðanefndarinnar að forsendur kæranda í þessu máli séu fullnægjandi til þess að hann geti átt aðild að kærinni og verði því ekki vísað frá vegna aðildarskorts.

3

Í greinargerð sinni teflir kærði fram þeim rökum að siðanefnd sé sjálfstæð nefnd við opinberan háskóla og teljist hluti ríkisvalds í skilningi 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þar af leiði að ef hún taki til greina málatilbúnað sóknaraðila, gæti hún brotið gegn stjórnarskrárvörðu tjáningarfrelsi kærða. Telur hann að ákvarðanir nefndarinnar gætu haft mjög íþyngjandi áhrif fyrir akademíska fræðimenn sem starfi innan Háskóla Íslands, og það hefði mjög skaðleg áhrif á lýðræðislega umræðu ef starfsfólki hans væri „með siðareglum og úrskurðum siðanefnda, meinað að taka, í eigin nafni, þátt í opinberri umræðu í stórum stíl“.

Í tilefni af þessum ummælum er ástæða til að áréttta það sem hér að framan er sagt um eðli og hlutverk siðanefndar og markmiðið með setningu siðareglna, en þar er m.a. lögð áhersla á siðferðilega ábyrgð þeirra sem starfa við háskólann, þar með talið í tengslum við þátttöku háskólaborgara í opinberri umræðu, sbr. reglu 2.4.2 sem segir: „*Kennarar, sérfræðingar og nemendur sem taka þátt í opinberri umræðu eða sinna félags- og stjórnárum gera það samkvæmt eigin sannfæringu. Jafnframt eru þeir minnugir um ábyrgð sína sem háskólaborgarar.*“ Siðanefnd ber að leggja mat á hvort þessari reglu hefur verið fylgt. Þær kröfur sem þarna eru gerðar eru í samræmi við kröfur sem gerðar eru til háskólaborgara í öðrum löndum¹ og svipar einnig til þeirra krafna sem gerðar eru til opinberra starfsmanna almennt. Meginatriðið er að þegar háskólaborgari tjáir sig í tali eða riti sem einstaklingur þá nýtur hann tjáningarfrelsis á sama hátt og hver annar þjóðfélagsþegn. Á hinn bóginn fylgja starfinu ákveðnar skyldur gagnvart fagi viðkomandi og þeirri stofnun sem hann starfar við. Siðareglur stofnunar, eins og siðareglur Háskóla Íslands, setja starfsmönnum hennar ákveðin mörk sem varða þau gildi sem almennt eru haldin í heiðri í háskólasamfélaginu. Verður að líta svo á að þeir sem starfa við Háskólann séu bundnir af þeim siðareglum sem hann hefur sett og að þeim beri að kynna sér þær og

¹ Í þessu samhengi má vísa til ályktunar American Association of University Professors (AAUP) frá 1940, síðast endurskoðuð 1990 <http://www.aaup.org/report/1940-statement-principles-academic-freedom-and-tenure>:

College and university teachers are citizens, members of a learned profession, and officers of an educational institution. When they speak or write as citizens, they should be free from institutional censorship or discipline, but their special position in the community imposes special obligations. As scholars and educational officers, they should remember that the public may judge their profession and their institution by their utterances. Hence they should at all times be accurate, should exercise appropriate restraint, should show respect for the opinions of others, and should make every effort to indicate that they are not speaking for the institution.

fylgja þeim, þar með talið þegar þeir tjá sig á opinberum vettvangi. Ekki eru skýrar leiðbeiningar um hvar mörkin liggja á milli einkalífs og opinbers vettvangs og er það því matsatriði í hverju tilviki fyrir sig, en hafa má til hliðsjónar 14. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar er undirliggjandi sú meginregla að ríkisstarfsmaður gæti þess að orðfæri og framganga sé í samræmi við starfsskyldur hans, m.a. með því að setja ekki fram rangar upplýsingar sem geti gefið ranga mynd af hlutaðeigandi stjórnvaldi. Þótt einkum sé um að ræða tjáningu sem starfsmaður eru ekki skörp skil á milli þess og að koma fram í eigin nafni, á það sama við um háskólaborgara.

Samfélagslegt umhverfi dagsins í dag er ólíkt því sem áður var og er í stöðugri þróun. Skýrt dæmi þar um er notkun netmiðla og aðgengi upplýsinga á veraldarvefnum. Þessi þróun hefur opnað gáttir og leitt af sér ný siðferðileg viðfangsefni. Dæmi þar um eru svonefndar „falsfréttir“. Þó svo að slíkt sé ekkert nýnæmi í sögulegu samhengi er það af ýmsum ástæðum hættulegt lýðræðinu, m. a. þar sem það grefur undan einni grunnstoða þess, tjáningarfrelsinu, og skerðir aðgang almennings að „sönnum“ upplýsingum sem er nauðsynleg forsenda þess að geta myndað sér sjálfstæða skoðun. Ósannar fréttir teljast siðferðilega rangar þar sem þær eru andstæðar sannleikanum. Grundvöllur tjáningarfrelsisins er frelsið til tjá skoðanir sínar og hugmyndir, en ekki frelsi til að segja hvað sem er um hvern sem er eða hvar sem er. Ekki þarf á þessum vettvangi að fjölyrða um muninn á skoðun og staðhæfingu og muninn á því sem er satt og logið. Í fyrrnefndu tilvikunum nýtur tjáning lagaverndar sem grundvallarmannréttindi. Menn bera hins vegar ábyrgð á orðum sínum, og frelsi til að fara með rangt mál nýtur ekki verndar sem slíkt. Siðareglur Háskóla Íslands leggja áherslu á siðferðileg gildi eins og sannleika og heiðarleika vegna þess að séu þau ekki virt þá grefur það undan trúverðugleika hins akademíska samfélags og trausti til rannsókna og fræðilegrar umræðu. Þessu tengt er siðaregla 1.1.4 sem segir: *„Starfsfólk Háskólans gætir þess að upplýsingar sem það veitir séu réttar og eins nákvæmar og kostur er. Það fullyrðir ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni, heldur viðurkennir hvenær þekking þess er takmörkuð, aflar sér upplýsinga, eða vísar fyrirspurnum til viðeigandi aðila.“*

4

Inntak þeirrar kæru sem hér er til meðferðar er, eins og hún er framsett af kæranda, að kærði hafi „um langt skeið haldið fram ósannri, rætinni fullyrðingu“ sem sé „rættinn atvinnurógur“ og sem hafi valdið fjölmiðlinum Kjarnanum „orðsporsskaða og fjárhagstjóni“ og starfsmönnum hans „erfiðleikum í starfi þeirra“. Þá hafi hann sjálfur í kennslu sinni við Háskólann þurft að svara spurningum vegna þeirra. Ummæli séu í þá veru „að fjölmiðillinn Kjarninn sé fjármagnaður af erlendum kröfuhöfum föllnu íslensku bankanna og gangi þar með erinda [þeirra].“ Þá hafi kærði ekki orðið við ítrekuðu boði um að annað hvort rökstyðja fullyrðinguna eða draga hana til baka.

Í opinberri umræðu geta mörkin verið óljós á milli þess hvort viðkomandi tjáir sig í eigin nafni eða sem háskólaborgari. Því getur skipt máli, að því er siðareglurnar varðar, hvernig hann kynnir sig og hvort hann kemur fram sem einstaklingur eða í krafti stöðu sinnar, og þá hvort hann í því samhengi gætir ábyrgðar sinnar sem háskólaborgari.

Fyrsta tilvikið sem kæran lýtur að varðar pistil á vefmiðlinum Pressunni 14. febrúar 2015, þar sem kærði segir: „Tvær öflugar áróðursvélar útlendinga mala allan daginn alla daga. Aðra kostar Evrópusambandið og er fjöldi manns á launum hjá henni. Hina kosta erlendir

kröfuhafar bankanna. ... Gamalreyndir menn og glöggir sjá fingraför þessarar áróðursvélar ... á ýmsum fréttum Kjarnans.“

Annað tilvikið á upphaf sitt í færslu á Facebook-síðu kærða um sama efni, sem fréttamaður Eyjunnar fjallar síðan um 22. apríl 2015. Í þessari fréttaskýringu er sjónarmiðum kæranda jafnframt gerð skil sem og kröfu hans um afsökunarbeiðni, rökstuðning eða að ummælin verði dregin til baka. Var því hafnað af kærða.

Þriðja tilvikið á upphaf sitt í Facebook-færslu kærða 4. janúar 2016 um sama efni. Blaðamaður visir.is spyr kærða í framhaldi út í ummælin og endurtekur hann þá fyrri fullyrðingu um að Kjarninn fái stuðning frá erlendum kröfuhöfum. Blaðamaðurinn hefur einnig samband við kæranda sem hafnar ásökuninni, segir hana atvinnuróg og að kærði hafi neitað að rökstyðja hana.

Fjórða tilvikið varðar orðaskipti aðila 12. nóvember 2016 á Facebook-síðu kærða í sömu veru.

Hér að framan var vikið að greinarmun á því hvort viðkomandi kemur fram sem einstaklingur eða háskólaborgari. Auk þess kann einnig að skipta máli á hvaða vettvangi ummæli eru sett fram. Hin kærðu ummæli voru annars vegar viðhöfð og/eða endurtekin í vefmiðlunum Pressunni, Eyjuni og visir.is, og hins vegar í stöðuuppfærslum á Facebook-síðu kærða. Siðanefndin telur að nokkur eðlismunur sé á þessum tegundum miðla. Hinir þrír fyrstnefndu eru fjölmiðlar, en Facebook-síða er einkasvæði þess sem heldur hana, jafnvel þótt þau mörk verði óljós velji viðkomandi réttshafi að hafa aðgang að síðu sinni opinn þannig að hver sem er geti kynnt sér efni hennar.

Fyrstu ummælin í vefmiðlinum Pressunni þykja hafa nokkra sérstöðu vegna staðsetningar sinnar og umgjarðar. Í þessum miðli er kærði með fastan dálk undir eigin nafni og mynd og þar undir er getið stöðu hans og ferilskrár. Þar kemur skýrt fram að hann sé prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Háskólaborgurum er frjálst að taka þátt í opinberri umræðu eins og öðrum borgurum, en þeim ber þó jafnframt, eins og áður er rakið, að hafa hugfast hver ábyrgð þeirra er sem háskólaborgarar (2.4.2). Siðanefndin metur það svo að þessi skylda sé enn ríkari komi viðkomandi fram í krafti stöðu sinnar sem slíkrar með því að tilgreina starfstítil sinn og ferilskrá og gefa þannig skrifunum aukinn trúverðugleika. Getur það átt við í þessu tilviki.

Hin tilvikin þrjú eru ólík að því leyti að þar er í grunninn um að ræða Facebook-færslur, og í tveimur tilvikum umfjöllun þriðja aðila.

Meginþungi kærunnar lýtur að því að kærði hafi haft uppi rangar fullyrðingar til tjóns fyrir kæranda og aðra sem tengjast fjölmiðlinum Kjarnanum. Ef fullyrðingin er ósönn kæmi til álita að líta á framangreinda umfjöllun í föstum dálki kærða á Pressunni sem brot á siðareglunum, samkvæmt því sem hér að framan hefur verið sagt. Að því er varðar þær lagalegu afleiðingar sem úrskurður um sannleiksgildi fullyrðingar kærða getur haft, þá er það á hinn bóginn úrlausnarefni dómstóla að rannsaka og skera úr um hvort tiltekin staðhæfing sé röng og því eftir atvikum meiðandi fyrir annan aðila, og hvort ummæli feli í sér atvinnuróg eða hafi valdið fjárhagslegu tjóni eins og hér er haldið fram. Sama er að segja um þá varnarástæðu kærða að kæran sé tilraun til þess að hefta tjáningarfrelsi hans. Kæran verður ekki skilin svo að leitað sé úrlausnar siðanefndarinnar um þessi álitamál,

en að því leyti sem afstaða til efnis kærunnar veltur á því hvort staðhæfingin er rétt eða röng verður af framangreindri ástæðu að vísa henni frá siðanefnd, sbr. 4. gr. starfsreglna.


Að öðru leyti skiptir einkum máli, að því er siðareglur Háskóla Íslands varðar, að kærandi fer ítrekað fram á leiðréttingu ummæla sem hann segir vera röng, en kærði verður ekki við því og ítrekar þau í hinum síðari tilvikum. Í einu tilviki nýtir kærði ekki tækifæri til að rökstyðja ummæli sín þegar blaðamaður hefur samband við hann. Ein af frumskyldum háskólaborgara er að styðja við sannleikann og hamla gegn andstæðu hans, og er í því sambandi aftur bent á þá hættu sem tjáningarfrelsinu getur stafað af röngum fullyrðingum. Góður akademískur siður væri því að bregðast við kröfu um rökstuðning í tilviki eins og þessu en ella draga fullyrðingu til baka hafi hún ekki trygga stoð. Á hinn bóginn er einnig rétt að hafa í huga, að í fyrsta pistli sínum á Pressunni er kærði að bregðast við fullyrðingu Kjarnans um áhrif eignarhalds í Árvakri hf. á frétt í Morgunblaðinu, en gera verður meiri kröfur til þolmarka fréttamiðils sem ástundar gagnrýna fréttamennsku.

Siðanefndin telur ágreiningsefnið geta varðað siðareglur Háskóla Íslands að því leyti að háskólaborgurum ber að sýna hver öðrum virðingu í ræðu og riti. Þá felst ábyrgð háskólaborgara í því að endurtaka ekki staðhæfingar á opinberum vettvangi, sem mótmælt er og ítrekað er óskað eftir að þeir leiðrétti, án þess þá að færa rök fyrir þeirri afstöðu eða eftir atvikum vísa til heimilda, en ella að draga þær til baka. Þykir það eiga sérstaklega við ef háskólaborgari aðgreinir sig ekki frá því hlutverki sínu með skýrum hætti eins og á við um pistil kærða á Pressunni. Niðurstaða siðanefndarinnar er að kærði hafi ekki virt sem skyldi ábyrgð sína samkvæmt reglu 2.4.1 um málefnaleg og gagnrýnin skoðanaskipti, sbr. reglu 1.3.3, og reglu 2.4.2 um að háskólaborgarar skuli vera minnugir stöðu sinnar þegar þeir taka þátt í opinberri umræðu, með því að hafna ítrekað áskorun kærða um leiðréttingu eða rökstuðning, en ein meginskylda háskólaborgara er að stuðla að því að fram komi það sem sannara reynist. Þykir kærði hafa brotið gegn siðareglum 2.4.1 og 2.4.2 með því að hafna því, þegar eftir því var leitað, að færa rök fyrir fullyrðingu sem hann setti fram opinberlega sem háskólaborgari í pistli sínum á Pressunni og kærandi segir ósanna og meiðandi. Við mat á alvarleika brotsins verður þó að hafa í huga annars vegar að ummæli kærða á Pressunni eru sett fram sem viðbragð við fullyrðingu Kjarnans um hagsmunatengsl annars fjölmiðils og hins vegar má líta til þess að fjölmiðillinn Kjarninn getur ekki talist vera í jafn viðkvæmri stöðu og ef um einstakling væri að ræða. Af þessum ástæðum verður brotið ekki talið alvarlegt þótt það snerti mikilvæg viðmið.

Ákvörðunarorð:

Siðanefnd Háskóla Íslands vísar frá, samkvæmt 4. gr. starfsreglna siðanefndar, þeim atriðum kærunnar sem velta á sannleiksgildi hinna kærðu ummæla, en úrlausn þar um má bera undir dómstóla. Siðanefndin telur að brotið hafi verið gegn siðareglum 2.4.1 og 2.4.2, en brotið teljist ekki alvarlegt.

Reykjavík, 9. mars 2018



Hjördís Hákonardóttir



Guðrún Kristjansdóttir



Henry Alexander Henrysson